

Náttúruverndarstofnun

Ásahreppur
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Laugalandi, 851 Hellu (dreifbýli)

Garðabær, 6. mars 2025
202501-0165/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Tillaga - Deiliskipulag - Sauðholt 2 - Ásahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Ásahrepps er barst 30. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Sauðholt 2 í Ásahreppi. Í greinargerð kemur fram að í deiliskipulaginu felst skilgreining tveggja frístundalóða í landi Sauðholts 2. Á hvorri lóð er heimilt að byggja sumarhús, gestahús og geymslu/áhaldahús. Aðkoma að lóðunum er um nýjan slóða af heimreið að Sauðholti 2.

Náttúruminjaskrá

Náttúruverndarstofnun vill benda á að innan skipulagssvæðisins er svæði á náttúruminjaskrá sem nefnist Sauðholtsnes og er númer 729 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: „Víðáttumiklar og lífríkar mýrar. Mikið og fjölbreytt fuglalíf.“

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um svæðið í tillögunni og það komi fram hver áhrif tillögunnar sé á það. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan og framkvæmdir raski ekki verndargildi svæðisins.

Vistgerðir og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr.60/2013 um náttúrvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar¹ og bendir Náttúruverndarstofnun á að á þessum svæðum geta verið fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>).

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt [vistgerðarkorti](#) Náttúrufræðistofnunar er innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin víðikjarrvist sem er með mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

Náttúruverndarstofnun

Í víðikjarrvist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), skógarþröstur (*Turdus iliacus*) og grágæs (*Anser anser*) sem nýti slíka vistgerð til varps.

Náttúruverndarstofnun bendir á að lóupræll er ábyrgðartegund Íslands.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Auk þess bendir Náttúruverndarstofnun á að fuglatalningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.²

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ingibjörg M. Bjarnadóttir

sérfræðingur

² <https://moi.hi.is/is/mofuglar>